

Mál nr. 311/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar N.

Starfsmaður lenti með fingur í sinaflettivél og slasaðist. 27.12.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.10.2017 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 12.10.207 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var að hreinsa nautavöðva í sinaflettivél og skrikaði fótur og fór með litlafingur vinstri handar í valsinn og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu N hjá V og byggir á því að vélin sem M vann við hafi ekki uppfyllt þær öryggiskröfur og mikil slysaþætta fylgi notkun hennar. Þá hafi hún verið án nauðsynlegs hlífðarbúnaðar. M segir verkstjórn hafa verið áfátt og slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins svo sem lög mæla fyrir um. V hafnar bótaskyldu og segir að M hljóti að hafa hvílt fótinn á fótstigi vélarinnar, því annars hefði vélin ekki verið í gangi. V hafnar því að vélin uppfylli ekki öryggiskröfur, hún sé CE merkt og á henni séu varúðarmerkingar. V segir að ekki sé hlíf á valsinum og ekki hægt að koma slíku við á svona vél. Vélin sé enn í notkun nákvæmlega eins og hún var þegar M slasaðist. V segir að vélin sé búin fótstigi og fari vélin í gang þegar stigið er á það og stöðvist þegar fótur er tekinn af því. V mótmælir því að verkstjórn hafi verið ábótavant og segir M sem er 27 ára hafa unnið við svipuð störf og unnið hjá N í nokkra daga áður en slysið varð. V segir rétt að N hafi ekki kallað til lögreglu eða Vinnueftirlit, en engin ágreiningur sé um það hvernig slysið varð og vélin sé enn á sínum stað óbreytt.

Álit.

Hvorki Vinnueftirlit eða lögregla voru kölluð til eftir að slysið varð svo sem N bar að gera, en ekki er ágreiningur um það með hvaða hætti slysið bar að höndum og fyrir liggur og ómótmælt að vélin sem M vann við í umrætt sinn sé enn til staðar og óbreytt frá því sem var þegar M slasaðist. Ekki er sýnt fram á það vélin sem M vann við hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur og viðhlítandi varúðarmerkingar hafi ekki verið til staðar á vélinni sbr. myndir sem fylgja með í gögnum málsins. Þá verður ekki séð að hlífum verði komið fyrir á vélinni sem hefðu komið í veg fyrir slys eins og það sem varð þegar M lenti með höndina í vélinni, vegna þess að henni skrikaði fótur. Einnig er ósannað að skortur á verkstjórn og leiðbeiningum hafi verið þess valdandi að slysið varð og hefur staðhæfingu V um reynslu M af störfum sem þeim sem hér ræðir um ekki verið mótmælt. Ekki hefur því verið sýnt fram á saknæman vanbúnað á verkstað eða að verkstjórn hafi verið ófullnægjandi þannig að orsakasamband sé milli þess og slyss M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá M.

Reykjavík 14.11.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.